

2010090001

8710

Hrunamannahreppur  
Pétur Ingi Haraldsson  
Dalbraut 12  
840 Laugarvatn

Reykjavík, 9. september 2010

/--

**Efni: Byggingarleyfi fyrir þrær fyrir lífrænan úrgang í landi Birtingaholts,  
Hrunamannahreppi.**

Vísað er til erindis Hrunamannahrepps, dags. 31. ágúst 2010, þar sem óskað er meðmæla Skipulagsstofnunar samkvæmt 3. tl. bráðabirgðaákvæða skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997, með veitingu byggingarleyfis fyrir tanka fyrir lífrænan úrgang í landi Birtingaholts. Sveitarstjórn samþykkti á fundi 25. júní að leita meðmæla stofnunarinnar með framkvæmdinni, en mat skipulags- og byggingarnefndar var að ekki væri tilefni til að vinna deiliskipulag þar sem um væri að ræða staka framkvæmd á landbúnaðarjörð sem kynnt væri öllum hagsmunaaðilum á svæðinu. Þrærnar eru áformaðar á landbúnaðarsvæði skv. Aðalskipulagi Hrunamannahrepps 2003 - 2015.

Upplýsingar um stærð framkvæmdasvæðisins vantar en það virðist vera um 0,5 ha. Gert er ráð fyrir veggengingu frá Birtingarholti, en aðalaðkoma verður frá þjóðvegi nr. 340, Auðsholtsvegi. Mön verður reist umhverfis framkvæmdasvæðið, en innan þess er gert ráð fyrir tveimur tæplega 1000m<sup>2</sup> sílóum fyrir fiskúrgang, samtals um 7300m<sup>3</sup> miðað við vegghæð. Einnig er gert ráð fyrir að því er virðist opinni þró fyrir blöndun, vinnuplani og gámi fyrir tækjabúnað.

Erindinu fylgdi afstöðumynd í mkv. 1:500, sneiðing í 1:300 og skýringaruppdráttur af tankbyggingu til geymslu á fiskúrgangi í mkv. 1:100. Mælikvarði uppdráttu miðast við útprenun í A1, en Skipulagsstofnun fékk þá útprentaða í A3. Jafnframt fylgdi afrit af umsögn Heilbrigðiseftirlits Suðurlands dags. 1. júlí 2010, þar sem bent er á ákvæði reglugerðar um 500m fjarlægðarmörk frá íbúðum vegna mögulegrar lyktarmengunar við íbúðarhús að Sóleyjarkakka. Að öðru leyti gerir heilbrigðiseftirlitið ekki athugasemd við málið. Einnig fylgdi afrit af bréfi Sveins Sveinssonar hrl. dags. 27. júlí 2010, f.h. eigenda Sólbakka (Sóleyjarkakka ?), sem er næsta íbúðarhús í um 460m fjarlægð frá vinnslustaðnum. Í því bréfi setur eigandinn þau skilyrði fyrir samþykkt sinni að svo miklar kröfur verði gerðar til mengunarþúnaðar að útilokað verði að loftmengun berist til híbýla hans.

Í erindi sveitarfélagsins kemur fram að framkvæmdin hafi verið kynnt eigendum

aðliggjandi jarðar og að í ljósi athugasemdar og umsagnar heilbrigðiseftirlitsins séu líkur á að staðsetning tankanna verði í a.m.k. 500m fjarlægð frá næsta íbúðarhúsi.

Skipulagsstofnun hefur yfirlarið framlögð gögn og telur að um það umfangsmikla framkvæmd sé að ræða, að ekki eigi við að beita 3. tl. bráðabirgðaákvæða skipulags- og byggingarлага og því þurfi að vinna deiliskipulag fyrir framkvæmdirnar. Það er jafnframt mat stofnunarinnar að framkvæmdin sé tilkynningarskyld skv. 2. viðauka, 11. tl. (j), Endurvinnslustöðvar, þar sem ráða má af gögnum að magn þess úrgang sem vinna á áburð úr geti verið allt að 7600m<sup>3</sup>. Þá telur Skipulagsstofnunar að umrædd framleiðslustarfsemi falli undir lannotkunarskilgreininguna iðnaðarsvæði, sbr. gr. 4.7.1 í skipulagsreglugerð nr. 400/1998 og því þurfi að vinna breytingu á aðalskipulagi. Þar sem um tilkynningarskylda framkvæmd er að ræða eru báðar skipulagsáætlanirnar háðar lögum um umhverfismat áætlana nr. 106/2005.

Jafnframt bendir stofnunin á að áður en deiliskipulag verður auglýst þarf að setja skýrari skipulagsskilmála sbr. eftirfarandi:

- Skýrt þarf að vera hver fjarlægð framkvæmdasvæðisins er frá íbúðarhúsínu að Sóleyjarbakka (Sólbakka?) og gæta þarf að því að fjarlægð byggingarreita frá þjóðveginum verði í samræmi við ákvæði skipulagsreglugerðar.
- Framkvæmdinni og öllum frágangi þarf að lýsa með skýrari hætti, bæði í texta og myndmáli. Bent er á að framlögð gögn eru villandi þar sem sneiðmynd sýnir aðeins stóra opna niðurgrafna þró milli manar og athafnasvæðis, sem er ekki í samræmi við afstöðumynd, sem sýnir tvö síló, lítið hringlaga svæði fyrir blöndun, manir o.fl.
- Leita þarf umsagnar Vegagerðarinnar vegtengingu svæðisins svæðið við þjóðveginn, sbr. 28. gr. vegalaga nr. 80/2007.

Sveitarstjórn þarf að taka afstöðu til athugasemdar sem barst frá eigendum Sólbakka (Sóleyjarbakka?) um mengunarvarnir og setja skilmála um hvernig slíkt skuli leyst. Eins og málið er núna sett fram er einungis treyst á að 500metra fjarlægð frá þrónum dugi til að tryggja að ekki berist lykt frá starfseminni að Sóleyjarbakka (Sólbakka). Huga þarf að því sama vegna bæjartorfunnar í Birtingaholti.



Hafdis Hafliðadóttir